

N Á T T Ú R U F R Æ D I S T O F N U N Í S L A N D S

Umhverfisstofnun  
Hildur Vésteinsdóttir  
Suðurlandsbraut 24  
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 12. maí 2014  
2014040036/42-0  
KHS, OKN, TB  
jgo/tb

**Ósk um undanþágu til að nálgast hreiður hafarna, fálka og þórshana, umsögn**

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 26. apríl, sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Hlyns Grétarssonar um undanþágu til að nálgast hreiður hafarna, fálka og þórshana.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir gögn málsins. Umsækjandi, sem ekki hefur haft samband við Náttúrufræðistofnun vegna þessa máls, sækir aðallega um að fara með konu sinni, Elmu Rún Benediktsdóttur (sjá umsókn hennar og umsögn Náttúrufræðistofnunar). Náttúrufræðistofnun leggur til að leyfi Elmu verði bundið við haferni ef möguleiki opnast á að hún geti farið með merkingarmönnum á vegum stofnunarinnar. Náttúrufræðistofnun telur að lágmarka eigi truflun við hreiður friðaðra fugla, einnig fálka og þórshana, og hefur engin tök á að bæta við fleiri einstaklingum í ferðir á vegum stofnunarinnar. Náttúrufræðistofnun leggst gegn því að umsækjandi fái umbeðin leyfi.

Virðingarfyllst

  
Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri

  
Trausti Baldursson

